

Ed. 462. Breytingartillögur [127. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 68 15. júní 1971, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar (GH, MJ).

1. Við 1. gr.

a. Í stað 2. málsl. 1. mgr. komi:

Nú telja hjón eða annað hjóna sér hagsfelldara, að tekjur þeirra séu sérstaklega skattlagðar, og geta þau eða það þá krafizt þess, að skattur sé á þau

lagður sitt í hvoru lagi. Ábyrgð annars á skatti hins skal í slíkum tilfellum aldrei ná til séreignar.

- b. Síðasti málsl. 1. mgr. orðist svo:

Annar frádráttur en persónuleg gjöld telst við útreikninginn hjá því hjóna, er hefur hærri tekjur.

2. Við 3. gr. Meginmál 2. tl. orðist svo:

Vextir eða arður af hlutabréfum, skuldabréfum og öðrum innlendum og erlendum verðbréfum, svo og vextir af sparisjóðsinnstæðum, útistandandi skuldum og öðrum arðberandi kröfum, sbr. þó 2. mgr. 21. gr.

3. Við 4. gr.

- a. A-liður 1. mgr. orðist svo:

Veitir hluthöfum, stjórnendum félags, eigendum sameignarfélags, aðilum samvinnufélags eða öðrum lán í peningum eða öðrum, verðmætum eða kaupir af þeim verðbréf, sem ekki eru viðkomandi rekstri félagsins. Undanskilin eru þó kaup opinberra verðbréfa ríkis, sveitar- og sýslufélaga, þar með talin skuldabréf með ríkisábyrgð.

- b. B-liður 1. mgr. orðist svo:

Veitir hluthöfum, stjórnendum félags, eigendum sameignarfélags, aðilum samvinnufélags eða öðrum nokkur friðindi beint eða óbeint umfram arðs-úthlutun og venjulegar eða eðlilegar launagreiðslur eða úttekt af höfuðstól í sameignarfélagi, sem sé meiri en svari til 10% ársvaxta af bókfærðu eigin fé félagsins, öðru en varasjóði.

- c. Við greinina bætist ný mgr., er verði 5. mgr., svo hljóðandi:

Félög samkvæmt 5. gr. laga nr. 90/1965, sem lagt hafa fé í varasjóð samkvæmt 2. mgr. 17. gr. þeirra laga og eiga fé í varasjóði við gildistöku þessara laga, skulu leggja helming varasjóðsins við höfuðstól sinn, og telst sú ráðstöfun varasjóðs ekki til skattskyldra tekna félagsins. Um ráðstöfun þess hluta varasjóðsins, sem eftir stendur, skal fara samkvæmt öðrum ákvæðum þessarar greinar.

4. Við 6. gr. Greinin orðist svo:

14. gr. laganna orðist svo:

Frá tekjum sjómanna lögskráðra á íslensk skip skal draga kostnað vegna hlífðarfata. Frádrátturinn ákveðst 975 kr. á mánuði og miðast við þann vikufjölda, sem þeir eru háðir greiðslu slysatryggingariðgjalda sem sjómenn.

Sömu aðilum skal veittur sérstakur frádráttur, 6 100 kr. fyrir hvern mánuð, reiknað á sama hátt, enda hafi þeir verið skipverjar á íslenskum skipum ekki skemur en sex mánuði af skattárinu.

Hlutarráðnir menn skulu njóta frádráttar samkv. 1. og 2. málsgrein, þótt þeir séu ekki lögskráðir, enda geri útgerðarmaður fullnægjandi grein fyrir, hvernig hlutaskiptum er farið og yfir hvaða tímabil launþegi hefur tekið kaup eftir hlutaskiptum.

Ef sjómenn á íslenskum fiskiskipum þurfa sjálfir að sjá sér fyrir fæði, skal draga þann fæðiskostnað frá tekjum þeirra. Við ákvörðun þess kostnaðar skal farið eftir mati skattyfirvalda.

Auk frádráttar skv. 1.—4. mgr. þessarar greinar skulu sjómenn, sem lögskráðir eru á íslensk skip eigi skemmri tíma en 6 mánuði á ári, fá sérstakan frádrátt, er nemi 110 000 kr.

5. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

16. gr. laganna orðist svo:

Frá hreinum, tekjum heimilisfastra manna hér á landi, eins og þær eru ákveðnar skv. lögum þessum, skal draga sem hér segir:

A. Fyrir einstaklinga 162 900 kr.

B. Fyrir hjón 228 500 kr., telji þau fram sitt í hvoru lagi 114 250 kr. hjá hvoru.

C. Fyrir hvert barn, sem er á framfæri skattþegns og ekki fullra 16 ára í byrjun þess almanaksárs, þegar skattur er lagður á, 32 800 kr. Hér með teljast stjúpbörn, kjörbörn og fósturbörn, sem meðlag er ekki greitt með.

Ef foreldrar búa saman ógift, skal frádráttur vegna barna skiptast til helminga milli þeirra. Búi foreldrar ekki saman og annað þeirra hefur barn hjá sér, en hitt greiðir meðlag, skal frádráttur einnig skiptast til helminga milli þeirra. Meðlagsgreiðsla skal ekki talin til tekna hjá því foreldri, sem við henni tekur, og ekki til frádráttar hjá því foreldri, sem innir hana af hendi.

Ef einstætt foreldri (stjúpforeldri, kjörforeldri, fósturforeldri) heldur heimili og framferir þar börn sín, má það draga frá skattskyldum tekjum auk frádráttar skv. 1. mgr. upphæð, er nemur 49 300 kr., að viðbættum 6 600 kr. fyrir hvert barn.

Frá tekjum þeirra, sem eru á framfæri í foreldrahúsum eða við nám, skal draga það, sem útheimtis til framfæris eða menningar, eftir nánari ákvörðun skattyfirvalda.

Auk frádráttar samkvæmt 1. mgr. skal draga frá hreinum tekjum einstaklinga, sem náð hafa 67 ára aldri á skattárinu, fjárhæð, er nemi $\frac{2}{5}$ hlutum af fjárhæð frádráttar skv. A-lið 1. mgr. Á sama hátt skal draga frá hreinum tekjum hjóna, sem telja fram saman, sömu fjárhæð fyrir hvort um sig. Enn fremur skal á sama hátt draga frá hreinum tekjum örorkulífeyrisþega sömu fjárhæð fyrir hvern þeirra um sig.

Um heimild skattstjóra til að veita aukinn frádrátt og lækka tekjuskatt fer eftir því, sem segir í 52. gr.

6. Við 9. gr.

a. Síðari másl. 3. mgr. orðist svo:

Þá mega félög þessi draga frá hreinum tekjum sínum það fé, er þau greiða félagsmönnum sínum í vexti af stofnsjóðseign, allt að því hámarki, sem ákveðið er í 7. tl. 3. gr. greindra laga um samvinnufélög.

b. 5. mgr. orðist svo:

Hafi félög þau, sem um ræðir í 3. og 4. mgr. þessarar greinar, viðskipti við aðra en félagsmenn sína, eru allar hreinar tekjur af slíkum viðskiptum skattskyldar hjá félögunum. Geti félög þessi ekki gert grein fyrir viðskiptum við utanfélagsmenn, má telja allar hreinar tekjur af starfsemi þeirra til skattskyldra tekna.

7. Við 11. gr. Greinin orðist svo:

25. gr. orðist svo:

I. Tekjuskattur þeirra manna, sem tekjuskattskyldir eru samkvæmt lögum þessum, skal reiknast svo:

Af fyrstu 50 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 20%, af 50 000—75 000 kr. skattgjaldstekjum greiðist 30%, en af skattgjaldstekjum yfir 75 000 kr. greiðist 40%.

II. Skattgjald þeirra félaga og stofnana, er um ræðir í 5. gr., skal vera 20% af skattgjaldstekjum.

III. Tekjuskatt, sem ekki nær 100 kr., skal fella niður við álagningu.

8. Við 15. gr.

a. 1. másl. 2. mgr. falli niður, en 2. másl. verði 2. másl. 1. mgr.

b. 3. mgr. falli niður.

c. 4. mgr. falli niður.

d. Síðasti másl. 9. mgr., er verður 6. mgr., falli niður.

e. Við greinina bætist ný mgr., er verður 7. mgr., svo hljóðandi:

- Ríkisskattanefnd skal úrskurða kærur yfir úrskurðum á útsvörum samkvæmt fyrirmælum laga um tekjustofna sveitarfélaga.
- f. Við greinina bætist ný mgr., er verði 8. mgr., svo hljóðandi:
Ríkisskattanefnd ber að gefa út tülkanir á skattalöggjöfinni, eftir því sem aðstæður gefa tilefni til, annaðhvort af sjálfsdáðum eða að beiðni ríkisskattstjóra.
9. Við 16. gr. Síðasti másl. 1. mgr. orðist svo:
Hann skal hafa á hendi umboð fjármálaráðherra til framkvæmda á samningum við önnur ríki til að komast hjá tvísköttun tekna og eigna.
10. Við 17. gr. Á eftir orðinu „skattstjórar“ í 1. másl. komi orðið: skattransóknarstjóri.
11. Á eftir 20. gr. komi ný gr., 21. gr., svo hljóðandi, og greinatölur breytast skv. því:
Ný gr., er verði 54. gr. laganna, svo hljóðandi og greinatölur laganna breytist skv. því:
Ríkissjóður skal greiða 5% — fimm af hundraði — af skattgjaldstekjum til tekjuskatts, sbr. I. tl. 25. gr., til þess sveitarfélags, þar sem gjaldþegn var skattlagður samkvæmt ákvæðum laga þessara.
12. Við 22. gr. (er verði 23. gr.). Við 2. tl. bætist ný mgr., svo hljóðandi:
Það skal teljast beiðni um heimild til endurmats fasteigna á árinu 1971, hafi skattþegn notað fasteignamatsverð samkvæmt 2. másl. 1. mgr. þessarar greinar sem heildarfyrningarverð til fyrninga í skattframtali árið 1972.
13. Við 23. gr. (er verði 24. gr.). 2. mgr. orðist svo:
Ákvæði 13. gr., 14. gr., 15. gr., 16. gr. og 18. gr. skulu þó eigi taka gildi fyrr en 1. október 1972, og skal ríkisskattanefnd samkvæmt lögum nr. 68/1971 og nefnd samkvæmt 48. gr. þeirra laga starfa og halda óbreyttum heimildum sínum til þess tíma.
14. Á eftir 23. gr. bætist svo hljóðandi ákvæði til bráðabirgða:
Ríkisstjórnin skal halda áfram athugun á skattakerfinu og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir næsta Alþingi. Í því sambandi skal athuga sérstaklega, að hvort hjóna um sig verði sérstakur skattgreiðandi, þannig að samanlögðum tekjum hjóna sé skipt til helminga og skattur reiknaður af hvorum helmingi um sig.